

Jafnréttisstefna Flataskóla 2014-2015

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri er 25 starfsmenn að setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun. Markmiðið með lagaskyldunni er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Flataskóli fylgir einnig jafnréttisstefnu Garðabæjar sem og aðalnámskrá grunnskóla og stefnir að því að efla trúarbragða-, einkalífs- og siðfræðslu á öllum stigum skólans.

Það er stefna Flataskóla að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis og að hver nemandi og starfsmaður sé metinn að verðleikum og sýni hver öðrum virðingu í samskiptum. Markmið stefnunnar er að jafna kjör og aðstæður karla og kvenna með tilliti til launa og annarra starfskjara, stjórnunarþátttöku og tækifæri til menntunar. Hverskyns kynbundin mismunun og kynbundið ofbeldi eða áreiti er ekki liðið.

Með jafnréttisstefnunni lýsir Flataskóli vilja sínum til þess að jafna hlut ólíkra einstaklinga sem og vilja sínum til þess að bregðast við þeim aðstæðum sem benda til misréttis.

Unnið er markvisst gegn stöðluðum hugmyndum um hlutverk kvenna og karla. Skólinn leggur á það áherslu að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum

Jafnréttisáætlun Flataskóla tekur til annars vegar nemenda og hins vegar starfsmanna. Jafnréttisáætlun Flataskóla skal endurskoða á tveggja ára fresti. Skal sú endurskoðun fara fram í maí.

Nemendur

Með jafnréttisstefnu Flataskóla er leitast við að koma til móts við alla nemendur eins og hægt er til þess að auka vellíðan og þroska þeirra á meðan á námi stendur. Rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið hérlendis benda til að kynin séu félagslega ólík og þarfir þeirra misjafnar. Nemendur skal hvetja til dáða á sviðum sem eru hefðbundin fyrir bæði kynin.

Aðstaða

Aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans skal vera jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, fötlun, trúarskoðun eða uppruna.

Mikilvægt er að í náminu séu hlutir skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og að nemendum sé kennt að skoða námsefni og annað með gagnrýnum huga þannig að koma megi auga á og vinna gegn misrétti.

Jafnt aðgengi kynja skal vera að upplýsingum um réttindi og skyldur nemenda og hið sama á við um námstilboð og aðstöðu til náms sem og aðgengi þeirra að heimildaöflun.

Kennsla og árangur

Einstaklingar þroskast mismunandi hratt á grunnskólaárunum og er því sveigjanleiki og fjölbreytni mikilvæg til þess að koma til móts við þarfir og getu hvers og eins.

Leitast skal við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum sem gagnast báðum kynjum.

Skoða skal námsárangur nemenda með sjónarhorni kynjanna og bregðast við ef misvægi er á árangri.

Kennarar skulu vera til fyrirmyndar varðandi jafnréttissinnaða framkomu. Þannig skal þess gætt að bæði stúlkur og drengir fái jafnmikil tækifæri til að tjá skoðanir sínar.

Nemendum sé tryggður vettvangur til að koma fram með gagnrýni og ábendingar um það sem betur má fara bæði í skólastarfinu og almennt í samfélaginu.

Í skólanum sé tryggt að nemendur fái markvissa jafnréttisfræðslu.

Í skólanum er sniðgengið námsefni sem felur í sér kynþáttahyggju, samkynhneigðarfærni eða annað það efni sem kann að hafa mótandi áhrif á kynhlutverk í nútíma samfélagi.

Einelti og kynferðisleg áreitni

Nemendur Flataskóla eiga ekki að þurfa að þola kynferðislega áreitni sem birst getur í mörgum myndum svo sem orðfæri, samskiptum eða gamansemi sem er niðurlægjandi fyrir annað eða bæði kynin. Nemendur eiga hvorki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi samnemenda sinna né af starfsmönnum skólans. Slík hegðun er algerlega fordæmd og ekki liðin í skólanum. Starfsmenn skólans fá fræðslu um vísbendingar og viðbrögð við kynferðislegri misnotkun.

Starfsmenn

Leitast skal við að starfsmenn skólans verði meðvitaðir um jafnrétti og hvað það felur í sér.

Ráðningar

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður við skólann. Flataskóli vill jafna hlut kvenna og karla í starfslíði skólans og mun hvetja þá er teljast tilheyra minnihlutahópum / eru í minnihluta meðal starfslíðs að sækja um þær stöður sem auglýstar eru lausar við skólann. Stefnt sé að því að fjöldi kvenna og karla sé sem jafnastur. Í auglýsingum á vegum skólans eru bæði kyn hvött til að sækja um.

Launakjör

Kynferði skal aldrei ráða launa- eða starfskjörum starfsmanna Flataskóla. Konur og karlar skulu njóta sömu launakjara og hafa jafna möguleika á launuðum aukastörfum innan skólans. Gæta skal að sem jöfnustum kynjahlutföllum í nefndum skólans. Starfsmenn skulu eiga sem jafnastan aðgang að því sem talið er til hlunninda.

Starfsaðstæður og endurmenntun

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrundvelli.

Námskeið verða, sem hluti af símenntunaráætlun skólans, í boði fyrir alla starfsmenn. Þar verða, meðal annars, fengnir fagmenn til þess að leiðbeina starfsfólki Flataskóla hvernig kynna megi og fræða nemendur skólans um jafnréttisstefnuna og almennt um jafnréttismál.

Samræming fjölskyldulífs og vinnu

Starfsfólki Flataskóla er gert kleift að samræma vinnu og einkalíf. Það er gert meðal annars með sveigjanlegum viðverutímum ef starfið gerir slíkt mögulegt. Bæði körlum og konum er gert mögulegt að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum náinna fjölskyldumeðlima. Tekið er tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.

Einelti og kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Flataskóla í neinu formi. Með því er átt við, svo sem myndir, orðfæri, samskipti eða gamansemi sem vísa til kynferðis eða kynhneigðar og eru á einhvern hátt niðurlægjandi fyrir annað eða bæði kynin. Ágreiningsmál hvað þetta varðar geta komið upp og er þá skólastjórnenda og/eða skólaskrifstofu að taka slík mál til meðferðar.

Auka skal fræðslu um einelti og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allt starfsfólk verði meðvitað um slík málefni og geti greint og brugðist við þegar þau koma upp. Ef starfsmaður telur að jafnrétti sé brotið á sér eða öðrum skal hann leyta til stjórnenda eða trúnaðarmanns sem finna farveg fyrir málið samkvæmt áætlun.

Allir starfsmenn samþykkja að veittur sé aðgangur að sakaskrá sinni þannig að koma megi í veg fyrir að þeir sem gerst hafa sekir um ósæmilega hegðun verði ráðnir.

Aðgerðaráætlun vegna jafnréttisstefnu

Í aðgerðaráætlun Flataskóla vegna jafnréttisstefnu eru sett fram markmið og aðgerðir. Skólastjórn Flataskóla hefur umsjón með framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar. Þegar við á eru settir mælikvarðar um þann árangur sem stefnt er að út frá stöðunni í dag og fyrri sögu. Lögð er áhersla á að velja mælikvarða sem gefa hugmynd um framvindu mála á hverju sviði fyrir sig.

Nemendur

Niðurstöður samræmdra prófa og annars námsmats skoðað með tilliti til árangurs drengja og stúlkna.

Aðgerð: Leitast við að bregðast við ef mismunur kemur fram.

Tími: Framkvæmt ár hvert í desember og febrúar.

Ábyrgð: Deildarstjórar sérkennslu og skólastjórnendur

Öllum nemendum gefin kostur á að reifa skoðanir sínar varðandi hverskyns jafnréttismál.

Aðgerð: Aldursskipt skólalaping fjórum sinnum á ári.

Tími: Gert fjórum sinnum á ári – tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Markviss kennsla í jafnréttisfræðslu þar sem nemendur eru undirbúnir undir jafna þátttöku í samfélaginu.

Aðgerð: Námskrá, kennslubækur og kennsla skoðuð og unnið að úrbótum þar sem þess er þörf.

Tími: maí 2014

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Námsgögn nemenda séu með hætti að ekki sé kynjum mismunað.

Aðgerð: Námskrá, kennslubækur og kennsla skoðuð og unnið að úrbótum þar sem þess er þörf.

Tími: Ágúst 2014

Ábyrgð: Deildarstjóri

Aðgengi og aðbúnaður vegna fatlaðra nemenda sé góður.

Aðgerð: Úttekt gerð á húsnæði skólans m.t.t. aðgengismála og óskað eftir úrbótum ef þörf er á.

Tími: Ágúst hvert ár.

Ábyrgð: Umsjónarmaður fasteigna og skólastjóri.

Tryggt sé að nemendur verði ekki fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.

Aðgerð: Lagðar fyrir kannanir um hvort slík áreitni sé til staðar og ef svo er þá er mál unnið samkvæmt áætlun skólans um alvarleg hegðunarbrot.

Boðið upp á fræðslu um kynferðislegt ofbeldi í þremur árgöngum ár hvert.

Að útbúin verði nákvæm áætlun um viðbrögð við grunsemdum eða staðfestum grun um hvers kyns misnotkun.

Tími: Lagður fyrir matskerfið Skólapúls meðal nemenda í 6. og 7.bekk tvisvar hvert ár. Líðan kannanir lagðar fyrir alla nemendur tvisvar á ári.

Ábyrgð: Námsráðgjafi og skólastjórnendur.

Starfsmenn

Að jafna hlut kvenna og karla í starfshópnum.

Aðgerð: Að reyna eins og hægt er að jafna kynjahlutföllin í nýráðningum við skólann. Bæði kynin eru sérstaklega hvött til að sækja um störf við skólann þegar þau eru auglýst.

Tími: Þegar ráða þarf nýja starfsmenn.

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Að karlar og konur sem starfa við Flataskóla njóti sömu launakjara.

Aðgerð: Að taka saman kjör m.t.t. kynferðis starfsmanna. Trúnaðarmenn starfsmanna upplýstir um launakjör enda sé þar algjört gagnsæi.

Tími: Október 2014

Ábyrgð: Skólastjórnendur

Að tryggt sé að starfsmenn verði ekki fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni í skólanum.

Aðgerð: Lagðar fyrir kannanir árlega (Skólapúls fyrir starfsmenn) um hvort slík áreitni sé til staðar. Skólastjóri stýrir ferli máls og leitar liðsinnis mannauðsstjóra Garðabæjar ef þurfa þykir.

Að útbúin verði nákvæm áætlun um viðbrögð við grunsemdum eða staðfestum grun um hvers kyns misnotkun.

Ábyrgð: Námsráðgjafi og skólastjórnendur.

Tími: Mars 2014

Boðið sé upp á fræðslu um jafnréttismál fyrir alla starfsmenn.

Aðgerð: Árlega að minnsta kosti eitt námskeið sem fjallar að einhverju leyti um jafnréttismál.

Tími: Nóvember 2014

Ábyrgð: Skólastjórn